

37. Stjórnarfundur Alnæmisbarna, 15. júní 2006

Haldinn kl. 12 –13 í húsnæði Samorku við Suðurlandsbraut.

Mætt: Bjarni Reyrr, Helga, María, Ragna og Sigurlaug.

Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar var samþykkt með þeim fyrirvara að taka út eina setningu úr frásögn Sigríðar Baldursdóttur.

Innheimta árgjalda

Sent var bréf til félagsmanna þann 5. júní. Greiðslur eru nú þegar farnar að skila sér.

Umsókn um styrki frá fyrirtækjum og sjóðum

Sótt var um styrk hjá Pokasjóði og Aktavis en fengum því miður ekki úthlutun.

Fengum aftur á móti styrk frá Zontraklúbbnum Emblu í Reykjavík. Hildur tók við styrknum fyrir hönd stjórnar Alnæmisbarna á fundi hjá Emblu.

Ákveðið að sækja um styrk í Minningarsjóð Margrétar Björgúlfsdóttur og hjá Baugi.

Fréttir frá CLF

Ekki voru miklar fréttir frá CLF þar sem Hildur var ekki á fundinum.

Búið er að greiða kr. 139.000,- í skólagjöld þar sem ný önn hófst 1. júní.

Samstarf við Barnaheill

Kristín hjá Barnaheill er búin að senda skeyti til Save the Children (Barnaheill) í Uganda. Þeir vilja hitta fulltrúa frá Alnæmisbörnum og Barnaheill um mánaðarmótin ágúst/september. Vilja gjarnan ákveða tímasetningu sem fyrst. Ákveðið að María, Gestur og einn aðili frá Barnaheill fari út. Gera má ráð fyrir að þurfa að stoppa í u.þ.b. eina viku. Nauðsynlegt er að fara í heimsókn til CLF og e.t.v. til Unifem og kanna hvort möguleiki sé á því að þeir geti sinnt eftirfylgd með stúlkunum eftir að veru þeirra á CLF lýkur. Skoða þarf þetta nánar. Það þarf að skilgreina hvert hlutverk Barnaheill í Uganda ætti að vera.

Gott væri ef þeir gætu tekið þátt í því að velja út þær stelpur sem taka þátt í CLF og hafa eftirlitshlutverk á meðan þær eru í CLF.

Verkefni framundan

Ákveðið að gera stefnumótandi plan varðandi dvöl stúlkanna í CLF með áherslu á menntunarmál þeirra. Ætti t.d. lestur og skrift að skipa stærri sess en í dag? Hvað með aðlögunina/eftirfylgnina eftir að dvöl þeirra á CLF lýkur? Ætti t.d. að veita stelpunum styrk að námskeiði loknu til þess að þær geti keypt sér saumavél? Ætlum að byrja á því að senda hugmyndir um þessa þætti okkar á milli.

Önnur verkefni

Næsti fundur verður miðvikudaginn 16. ágúst kl. 12 í húsnæði Samorku hjá Maríu.